

**Þjóðleikhúsið fagnar skýrslu Ríkisendurskoðunar og þeim ábendingum og ályktunum sem þar koma fram, en vill jafnframt vekja athygli á eftirfarandi:**

Viðmiðunartímabilið sem er til skoðunar í skýrslunni er mjög stutt og gefur því ekki endilega skýra mynd af þróun rekstrar eða rekstrarstöðu Þjóðleikhússins. Rétt er í því sambandi að vekja athygli á að vandinn var umtalsverður fyrir. Skýrsla Ríkisendurskoðunar nær til áraanna 2003 til 2008, en um áramótin 2002/2003 stóð uppsafnaður rekstrarhalli Þjóðleikhússins í 90,7 m.kr.

Fjárveiting á móti uppsöfnuðum skuldum upp á 70 m.kr., sem veitt var með fjáráaukaleggjum í lok árs 2006, og kom inn í reksturinn á fjárhagsárinu 2007, var vissulega marktæk viðleitni að hálfu stjórnvalda til að rétta af rekstrarvanda stofnunarinnar, en sú fjárveiting kom seint til á viðmiðunartíma skýrslunnar og náði augljóslega hvorki að dekkja fyrirliggjandi rekstrarvanda fyrir viðmiðunartíma skýrslunnar né vaxta- og fjármagnskostnað á tímabilinu (u.þ.b. 10 m. kr. á ársgrundvelli).

Áframhaldandi og viðvarandi skuldasöfnun á viðmiðunartíma skýrslunnar má þannig að stærstum hluta rekja til vaxtakostnaðar vegna fortíðarvanda, en einnig annarra kostnaðaraukandi þátta. Rétt er að benda á í því samhengi að samkvæmt niðurstöðum skýrslunnar, hafa framlög ríkisins hvorki þróast í takt við neysluverðsvísitölu né launavísitölu og því hefur framlagið lækkað umtalsvert að raungildi. Ljóst er að framlög ríkisins hrökkva ekki lengur fyrir launa- og húsnæðiskostnaði, en frá árinu 2005 hefur Þjóðleikhúsið þurft að greiða leigu fyrir afnot af leikhúsbyggingunni og hefur húsnæðiskostnaður því stóraukist. Auk þess sem uppá vantar, greiðir leikhúsið allan uppsetningakostnað sýninga og markaðssetningu þeirra með eigin aflafé, þ.e. tekjum af miðasölu, sem geta verið stopul tekjulind.

Það er og hefur verið ríkur vilji af hálfu stjórnenda leikhússins að bregðast við viðvarandi rekstrarvanda Þjóðleikhússins eftir fremsta megni. Í ljósi þeirra ábendinga og athugasemda sem fram koma í skýrslunni hefur verið ákveðið að stíga enn marktækari skref í þá átt. Þannig hefur öll áætlanagerð og eftirfylgni kostnaðarþátta verið eflað til muna á síðustu mánuðum, hvort heldur í almennum rekstri eða í tengslum við uppsetningu sýninga. Um leið verður ýtrasta aðhaldi beitt í starfsmannamálum og yfirvinnu haldið í algeru lágmarki.

Breyttar aðstæður í íslensku efnahagslífi kalla ekki síður á aðhaldsaðgerðir og sparnað. Auk aðhalds í starfsmannamálum verður dregið verulega úr leikstarfsemi á minni sviðum leikhússins, með fækkun verkefna frá áramótum 2008/ 2009. Sérstaklega á sú ráðstöfun við um starfsemi á Smíðaverkstæðinu, en barnastarf í Kúlunni verður einnig skorið nokkuð niður. Að auki verður gestasýningum fækkað.

Þessar aðgerðir miða að því að ná jafnvægi í reksturinn á fjárhagsárinu 2009. Það eru hinsvegar litlar líkur á að með þeim náist að greiða niður uppsafnaðar skuldir eða standa skil á kostnaði þeim samfara. Til að svo megi verða þarf að grípa til mun róttækari aðgerða svo sem stórfellds niðurskurðar í starfsmannahaldi og enn frekari fækkun verkefna. Slík ráðstöfun fæli í sér verulega skerðingu á hlutverki Þjóðleikhússins sem listastofnunar og varðaði þannig í raun menningarpólitíska stefnumótun.

## Athugasemdir vegna skýrslu Ríkisendurskoðunar

Meginforsenda hallalauss rekstrar til framtíðar er að uppsöfnuðum skuldum og fortíðarvanda leikhússins verði mætt með aukafjárveitingu. Ennfremur er mikilvægt að leiðrétta rekstrargrunn leikhússins til samræmis við sannanlega fjárförf undangenginna áratuga, svo ekki komi til frekari skuldasöfnunar í framtíðinni. Áréttað skal að lagalegar skyldur Þjóðleikhússins eru umtalsverðar og möguleikar þess á að afla sértekna með auglýsingum og kostunarsamningum því takmarkaðir.

Starf Þjóðleikhússins hefur alla tíð verið metnaðarfullt og sá metnaður hefur gengið í arf frá einum leikhússtjóra til þess næsta. Það varðar miklu að ríkið og samfélagið í heild sinni standi vörð um það starf sem unnið er í Þjóðleikhúsinu enda er hlutverk þess sem listastofnunnar bæði ótvírætt og mikilsvert, eins og skýrslan ber raunar með sér.